

EFNISYFIRLIT

1. Almenn um þessar leiðbeiningar	2
2. Fyrirtæki sækir um viðurkenningu sem farmverndaraðili	2
2.1. Fylla út umsókn á vef	2
2.2. Vista umsókn á vef	2
2.3. Prenta út umsókn af vef	2
2.4. Undirrita umsókn	3
2.5. Senda undirritaða umsókn til Tollstjóra	3
3. Tollstjóri yfirfer skriflega umsókn	3
3.1. Fyrirtæki samþykkt. Tilkynning til forráðamanns eða fulltrúa hans	3
3.2. Athugasemdir við umsókn. Tilkynning til forráðamanns eða fulltrúa hans	3
3.3. Farmverndarfulltrúi samþykktur. Tilkynning til forráðamanns eða fulltrúa hans	3
3.4. Farmverndarfulltrúi ekki samþykktur	4

Tölvukerfi Tollstjóra vegna farmverndar

Umsókn um viðurkenningu sem farmverndaraðili

Leiðbeiningar fyrir forráðamenn fyrirtækja

1. Almenn um þessar leiðbeiningar

Í lögum um siglingavernd númer 50/2004 er gert ráð fyrir því að Tollstjóri hafi umsjón með framkvæmd reglna um farmvernd. Tölvukerfi farmverndar er hannað með það fyrir augum að starfsmenn fyrirtækja sem og tollstarfsmenn og aðrir eftirlitsmenn sem vinna að farmverndinni geti unnið sín verk að mestu leyti á netinu.

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar forráðamanni farmverndar hjá fyrirtæki. Þá er átt við forráðamann fyrirtækisins eða fulltrúa hans sem undirritaði umsókn fyrirtækisins um að verða viðurkenndur farmverndaraðili og ber síðan ábyrgð á framkvæmd farmverndar hjá fyrirtækinu.

Í leiðbeiningunum er gerð grein fyrir meginþáttum í þeim hluta tölvukerfisins sem forráðamenn nota. Hér eru þó ekki leiðbeiningar um útfyllingu einstakra svæða í skjámyndum; þær leiðbeiningar eru í staðinn birtar sem hjálpartexti í skjámyndunum sjálfum.

2. Fyrirtæki sækir um viðurkenningu sem farmverndaraðili

Til að fá viðurkenningu sem farmverndaraðili verður fyrirtæki að fylla út sérstaka umsókn á vefnum. Forráðamaður fyrirtækis má fylla umsóknina út. Að auki verður að prenta umsóknina út, undirrita hana og senda síðan til Tollstjóra.

2.1. Fylla út umsókn á vef

Umsókn er á slóðinni <https://vefagreidsla.tollur.is/farmvernd/umsokn>. Fylla verður umsóknina út á vefnum eins og leiðbeiningar með umsókninni segja til um. Þegar búið er að skrá inn allar upplýsingar er smelt á hnappinn *Halda áfram*.

2.2. Vista umsókn á vef

Þegar búið er að fylla út umsóknina á vefnum og smella á hnappinn *Halda áfram* birtist ný skjámynd með viðbótarupplýsingum sem sóttar eru úr þjóðskrá og fyrirtækjaskrá. Ef allar upplýsingar í skjámyndinni eru réttar er umsóknin vistuð á vefnum með því að smella á hnappinn *Staðfesta umsókn*.

2.3. Prenta út umsókn af vef

Þegar umsóknin er vistuð á vefnum er sendur sérstakur tölvupóstur á tölvupóstfang sem forráðamaður tilgreindi í umsókninni. Forráðamaður þarf að lesa tölvupóstinn og smella á slóð sem er tilgreind í tölvupóstinum.

Þegar forráðamaður smellir á slóðina í tölvupóstinum opnast ný síða á vefnum þar sem prentvæn útgáfa af umsókninni er birt. Forráðamaður verður að prenta út umsóknina.

2.4. Undirrita umsókn

Að útprentun lokinni þarf forráðamaður að undirrita umsóknina.

2.5. Senda undirritaða umsókn til Tollstjóra

Þegar forráðamaður er búinn að undirrita umsóknina á að senda hana til Tollstjóra á það heimilisfang sem tilgreint er á umsókn.

Nú getur forráðamaður ekki gert meira að sinni vegna umsóknarinnar, sem fer nú til vinnslu hjá Tollstjóra Þegar vinnslu er lokið fær forráðamaður sendan tölvupóst með leiðbeiningum um framhaldið. Tölvupóstur er alltaf sendur á tölvupóstfang forráðamanns sem tilgreint var í umsókn.

3. Tollstjóri yfirfer skriflega umsókn

Þegar skrifleg umsókn berst Tollstjóra er hún tekin til vinnslu. Vinnslu umsóknar má skipta í tvo megin hluta. Fyrst er athugað hvort fyrirtæki uppfylli ekki öll skilyrði sem sett eru um viðurkenningu sem farmverndaraðili. Síðan er athugað hvort farmverndarfulltrúar uppfylli ekki öll skilyrði.

3.1. Fyrirtæki samþykkt. Tilkynning til forráðamanns eða fulltrúa hans

Þegar fyrirtæki er samþykkt fær forráðamaður sendan tölvupóst. Í tölvupóstinum er gefið upp notandanafn og svokallað stofnlykilorð fyrir forráðamanninn. Jafnframt er tilgreind slóð sem forráðamaður á að smella á.

Þegar smellt er á slóðina kemur upp skjámynd þar sem forráðamaður slær inn notandanafn og stofnlykilorð sem tilgreind eru í tölvupóstinum. Nú er forráðamaður beðinn um að búa til eigið notkunarlykilorð. Að því loknu verður stofnlykilorðið ekki notað aftur og forráðamaðurinn einn veit sitt nýja notkunarlykilorð.

Forráðamaður tengist að þessu loknu sjálfkrafa inn á nýja síðu þar sem finna má upplýsingar um fyrirtækið. Meðal annars er þar tilgreint svonefnt heimildarnúmer sem notað verður þegar farmverndaryfirlýsingar verða fylltar út.

3.2. Athugasemdir við umsókn. Tilkynning til forráðamanns eða fulltrúa hans

Ef eitthvað er athugasemdir við umsóknina þannig að ekki er hægt að samþykkja hana fær forráðamaður sendan tölvupóst. Í tölvupóstinum er tilgreind slóð sem forráðamaður á að smella á.

Þegar smellt er á slóðina kemur upp skjámynd þar sem hægt er að lesa athugasemdir sem voru gerðar við umsóknina.

3.3. Farmverndarfulltrúi samþykktur. Tilkynning til forráðamanns eða fulltrúa hans

Þegar farmverndarfulltrúi er samþykktur fær forráðamaður sendan tölvupóst. Í tölvupóstinum er gefið upp notandanafn og svokallað stofnlykilorð fyrir farmverndarfulltrúann. Forráðamaðurinn þarf sjálfur að afhenda farmverndarfulltrúanum notandanafnið og stofnlykilorðið.

Þegar farmverndarfulltrúi fer inn í farmverndartölvukerfið í fyrsta sinn kemur upp sérstök skjámynd þar sem hann slær inn notandanafn sitt og stofnlykilorð sem forráðamaður er áður búinn að afhenda honum. Nú er farmverndarfulltrúinn beðinn um að búa til sitt eigið notkunarlykilorð. Að því loknu verður stofnlykilorðið ekki notað aftur og farmverndarfulltrúinn einn veit sitt nýja notkunarlykilorð.

Nánari upplýsingar eru í leiðbeiningum fyrir farmverndarfulltrúa.

3.4. Farmverndarfulltrúi ekki samþykktur

Ef farmverndarfulltrúi uppfyllir einhverra hluta vegna ekki sett skilyrði, hefur Tollstjóri samband við forráðamann fyrirtækisins.